

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 86 24. febrúar 1993 með síðari breytingum.

1. gr.

Við 3. gr., lið 3.5., bætist ný málsgrein, sem verði 3. mgr., svohljóðandi:

Stjórn Íslenskrar getspár er heimilt að ákveða að þátttakanda, sem keypt hefur þátttökukvittun sem á eru 10 raðir eða fleiri, sé látin í té án greiðslu, sem kaupauki, þátttökukvittun sem á er 1 -ein- röð.

2. gr.

5. gr., liður 5.5., orðist svo:

5.5. Til vinninga skal verja 40% af heildarsöluverði þátttökukvittanna hverrar leikviku, þar með talið andvirði þátttökukvittana sem látnar eru þátttakendum í té sem kaupauki án endurgjalds. Vinningsfjárhæðin skiptist þannig:

3. gr.

5. gr., liður 5.6., 3. mgr., orðist svo:

Stjórn Íslenskrar getspár er heimilt að leggja viðbótarfé frá fyrirtækinu til 1. vinnings í báðum leikjunum við sérstök tækifæri svo og við sérstök tækifæri að efna til aukaútdráttar þar sem lagt er til fé frá fyrirtækinu til vinninga. Stjórnin skal leita samþykkis dómsmálaráðuneytisins fyrir slíkum framlögum og fyrirkomulagi útdráttar.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir nr. 26 2. maí 1986, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. nóvember 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

Nr. 604

20. nóvember 1996

AUGLÝSING

um umferð í Hrísey.

Að fenginni tillögu hreppsnefndar Hríseyjarhrepps og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er hér með ákveðið að hámarkshraði ökutækja í Hrísey verði 30 km á klukkustund.

Ákvörðun þessi tekur gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 20. nóvember 1996.

Björn Jósef Arnviðarson.